



LANDVERND

20. febrúar 2011

Iðnaðarráðuneytið
Stýrihópur um heildstæða orkustefnu
b.t. Vilhjálms Þorsteinssonar, formanns
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Umsögn um drög að orkustefnu fyrir Ísland.

Eins og í fyrri umsögn frá því í júní 2010 fagnar Landvernd því að í drögum fyrir orkustefnu fyrir Ísland skuli það vera markmið orkustefnunnar að orkubúskapur Íslands skuli vera í samræmi við hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar. Stefna Landverndar hefur ávallt verið að nýting vatnsafls og jarðhitasvæða á Íslandi eigi að vera í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Landvernd leggur til að í stað setningarinnar "Við nýtingu orkuauðlinda verði borin virðing fyrir umhverfi, náttúru og sérkennum landsins" í meginmarkmiðum orkustefnunnar komi: "Við nýtingu orkuauðlinda verði borin virðing fyrir umhverfi, náttúru, víðerni, landslagi og menningarminjum."

"Sérkenni landsins" er mjög almennt hugtak. Landslag, víðerni og menningarminjar eru almennt viðurkennd sem verðmætur arfur þjóðarinnar sem þarf að standa vörð um.

Eins er lagt til að í stað setningarinnar "Þjóðhagsleg framlegð orkubúskapar verði háværkuð" í meginmarkmiðum komi "Samfélagslegur ábati verði hámarkaður og samfélagslegur kostnaður lágmarkaður". Hugtakið "þjóðhagsleg" er iðulega ekki sett í samhengi við annan samfélagslegan kostnað eða ábata en þann sem skráður er í þjóðhagsreikningum. Þess vegna er heppilegra að tala um "samfélagslegan ávinning og kostnað" sem er mun víðtækara hugtak.

Það er ánægjulegt að drögin undirstrika hversu fágæt og takmörkuð auðlind náttúra landsins er og að við uppbyggingu orkuvera og orkufreks iðnaðar eigi að meta náttúrugæði hagrænt og heildstætt. Landvernd tekur undir þá kröfu orkustefnunnar að skylt verði að framkvæma hagrænt mat á náttúrugæðum við framkvæmdir.

Landvernd telur það jákvætt að orkustefnan feli í sér hvatningu til orkusparnaðar og fagnar því markmiði að auka almenningfræðslu með því að efla samstarf við frjáls félagasamtök um fræðslu- og kynningarstarf. Það er ánægjulegt að verkefni Landverndar „Grænfáninn“ skuli vera nefnt sem dæmi um vel heppnaða almenningfræðslu.

Draga þarf úr þörfinni fyrir orku með því að bæta orkunýtni. Hagkvæmasta virkjunin er því orkusparnaður. Víða hafa þjóðir sett sér framsækin markmið um orkusparnað. Evrópusambandið hefur til að mynda sett sér markmið um 20% orkusparnað árið 2020. Að fá meira fyrir minna er lykillinn að sjálfbærri þróun og því er mikilvægt að skilgreina það sem meginmarkmið. Það er rík ástæða til að gefa þessu atriði meira

vægi og fjalla um það sem sjálfstæðan kafla, en ekki sem undirkafla eins og nú er (bls. 35 og 36). Tilgreina má margar fleiri leiðir en koma fram á bls. 26, m.a. hagræna hvata. M.a. á að setja þá skyldu á herðar orkufyrirtækja að þau veiti leiðsögn um orkusparnað. Einnig á að þróa reglugerðir um byggingar þannig að stuðlað verði að orkusparnaði.

Það er jákvætt að drögin taka tillit til skuldbindinga Íslendinga í loftslagsmálum og leggja til fjölmargar leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Landvernd telur þó að markmið orkustefnunnar um orkuskiptáætlun þar sem hlutur endurnýjanlegrar orku í samgöngum verði um 10% árið 2020 afar metnaðarlítið markmið og leggur til að það verði mun metnaðarfullra.

Tekið er undir það sjónarmið í drögunum að nýting vatnsafls og jarðhitasvæða eigi að vera sjálfbær. Landvernd setur enn spurningamerki við að miða við matslykil HSAF við mat á sjálfbærni vatnsaflsvirkjana. HSAF hafa verið gagnrýnd í Bandaríkjunum fyrir lítið samráð við frjáls félagasamtök og almenning við samningu lykilsins.

Ítrekað skal að stefnan verður að knýja á um sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða. Það er ekki ásættanlegt að orkunýting við framleiðslu rafmagns sé aðeins á bilinu 3-13% og að orkufyrirtækin taki meiri orku af svæðunum en rannsóknir Orkustofnunar mæla með. Það er jákvætt að leitað sé leiða til að koma í veg fyrir þetta með því að leggja til virkt eftirlit með nýtingu svæðanna. Eins eru hugmyndir um iðngarða þar sem afgangsorkan verður nýtt eins og t.a.m. í hitaveitu, ræktun og metanólframleiðslu í takt við hugmyndir Landverndar úr fyrri umsögn.

Það vantar að orkustefnan leggi til einfaldar spurningar sem þarf að svara ”nei” eða ”já” svo tala megi um ”sjálfbæra vatnsafls- eða jarðvarmavirkjun”. Þær leiðbeiningar sem vísað er í skýrslunni koma frá orkufyrirtækjunum sjálfum. Landvernd telur það varhugavert.

Dæmi um einfaldar ”já” eða ”nei” spurningar eru:

Spillir virkjunin vatnasviðum og lífríki í vötnum?
Spillir virkjunin verðmætum víðernum?
Spillir virkjunin sérstöku landslagi?
Spillir virkjunin menningarminjum?
Er samfélagslegur ábata minni en samfélagslegur kostnaður?
Er orkuvinnslan möguleg eftir 400 ár?
Stuðlar virkjunin að samfélagslegu jafnræði?
Skapar virkjunin ný atvinnutækifæri til lengri tíma lítið?

Landvernd vill ítreka að varlega verði farið í þróun og framleiðslu lífoldsneytis og saknar nánari útlistunar á þeim tillögum í drögunum. Ræktun framandi og erfðabreyttra jurtategunda til eldsneytisframleiðslu geta haft neikvæð áhrif ef þær dreifast út í náttúru Íslands. Notkun á innlendum jurtum til framleiðslunnar er því ákjósanlegri. Einnig þarf að gæta að landnotkun vegna framleiðslunnar og gæta þess að hún rýri ekki náttúruleg svæði eins og skóga og votlendi.

Landvernd tekur undir það sjónarmið í orkustefnunni að frummati á vegum rammaáætlunar er ekki ætlað að koma í stað ítarlegra mats sem lög um mat á

umhverfisáhrifum kveða á um. Rammaáætlun ætti hins vegar að beina athygli og fjármagni að þeim kostum sem ásættanlegastir þykja hvað umhverfisáhrif varðar, og í bestu samræmi við markmið um sjálfbærni.

Það er ánægjulegt að takmarka eigi sjónræn og önnur umhverfisleg áhrif flutningskerfa eins og kostur með hagsmuni ferðaþjónustu og útivistarfólks í huga. Þar mætti einnig bæta við hagsmunum komandi kynslóða.

Landvernd er sammála þeirri stefnu að þjóðin skuli njóta arðs af auðlindum en ítrekar að nýtingin megi ekki valda náttúruspjöllum eða skaða á umhverfi. Samtökin eru sammála því að nýtingarréttur skuli vera meira takmarkaður en nú er, en ítrekar að regluleg endurskoðum þarf að fara fram til að tryggja að leigutaki uppfylli ströng skilyrði um ábyrga umgengni við auðlindina og umhverfi hennar. Það er einnig jákvætt að lagt er til að taka skuli á leigjendavanda auðlindarinnar þegar handhafi nýtingarleyfis hefur minnkandi hvata til að viðhalda og ganga vel um fasteignir og auðlindir þegar líða tekur á leigutíma .

Þá er jákvætt að orkustefnan leggur til að eignarhald á orkuauðlindum, sem eru beint eða óbeint á forræði ríkisins, verði skýr og einfölduð og að arður af auðlindum hverju sinni verði gagnsær og sýnilegur almenningi. T.a.m. hefur sú leynd sem hefur verið á raforkuverði til álvera hér á landi torvelað skynsama umræðu um orkunýtingu hér á landi.

Það er mikilvægt að sem víðtækust samstaða náist um orkustefnuna. Hún þarf að standa til lengri tíma. Hugmyndin um að endurskoða stefnuna á 4 ára fresti er því ekki góð. Stefnuna á fyrst að endurskoða eftir 10 ár, nema eitthvað sérstakt komi upp í millitíðinni sem breyti forsendum.

Það er ekki tekið fram í drögum hver formlega samþykkir orkustefnuna. Er það iðnaðarráðherra eða Alþingi. Best er að það sé Alþingi, með víðtæka samstöðu þannig að nýr meirihluti taki ekki málið upp aftur strax að afloknum næstu kosningum.

Gerð orkustefnu fyrir Ísland er jákvætt skref í þá átt að setja ramma um orkunýtingu og orkunotkun Íslendinga. Það er ánægjulegt og í takt við þróun á alþjóðavettvangi að meginstefið í þessum drögum skuli endurspeglar hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar við innleiðingu stefnunnar. Það ætti að vera stjórnvöldum, framkvæmdaaðilum og almenningi hvatning til að byggja upp sjálfbært og grænt Ísland.

f.h. Landverndar,

Lárus Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri